

Fundargerð stjórnar BÍS 22/2010.

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123, miðvikudaginn 17. nóvember 2010 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, fulltrúi alþjóðaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi,

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega bauð hann HSG velkomna, en hún ætlar að sitja hluta fundarins.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, fræðsluráðs, fararstjórnar Jamboree og afmælisnefndar lágu frammi. Þar var sérstaklega vakin athygli á því að vegna gengisbreytinga verður hægt að lækka þátttökugjald á Jamboree í íslenskum krónum.
4. Bland í poka:
 - a. Þakkir frá skf. Vífli: Vífill hefur þakkað sérstaklega fyrir vel heppnaðan viðburð. HS falið að svara.
 - b. Adults in Scouting: Þátttaka í vinnustofunum um AIS var góð og ánægja með framsetningu Maeliosa DeBuitlear (Milly) fulltrúa WOSM. Þetta vakti athygli þátttakenda á þessu máli frá nýju sjónarhorni.
5. Dagatal BÍS 2011: HS kynnti fyrstu drög, afgreiðslu frestað til næsta fundar.
6. Young Womens World Forum: Þetta er röð þriggja viðburða 2010, 2011 og 2012 sem WAGGGS heldur í tilefni 100 ára afmælis kvenskátastarfs í heiminum. BÍS sendi fulltrúa 2010, en í ljósi þrengri fjárhags sér stjórn BÍS sér ekki fært að greiða kostnað við þátttöku í þessum viðburði 2011 og 2012 en hvetur áhugasama til þátttöku.
7. Verkefni:
 - a. Látum ljós okkar skína: Verkefninu er að ljúka þetta árið. Að þessu sinni var það unnið í samstarfi við Arion banka. Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir heimsótti alla skóla á höfuðborgarsvæðinu og dreifði endurskinsmerkjum og blaðinu Látum ljós okkar skína. Til annarra barna var þetta sent í pósti.
 - b. Friðarloginn: Verkefnið verður unnið á svipaðan hátt og í fyrra.
 - c. Sígræna jólatréð: Salan er hafin og munu Nanna og Inga Auðbjörg úr STUÐ-teyminu hafa umsjón með sölunni.
8. Félagsforingjafundur SSR: HS mætti á fundinn sem haldinn var mánudaginn 8. nóvember. Á fundinum kom fram að Reykjavíkurborg hefur ekki viljað ljúka samningum um framhald styrkveitinga til skátastarfs, en vonast er eftir því að ljúka málinu fyrir áramót. Almenn ánægja var á fundinum með störf BÍS. Eftir að HS hvarf af fundi var fjallað um bréf stjórnar BÍS til stjórna Seguls og Hamars vegna aldurs félagsforingja. Stjórn BÍS hefur borist bréf með ályktun fundarins um þetta mál. HS er falið að svara því á þann veg að félagsmálastjóri BÍS vinni að lausn með stjórn Seguls. Einnig var fjallað um ósk Smiðjuhópsins um inngöngu í SSR og var henni hafnað.
9. Viðbragðsáætlun BÍS: Fyrirliggjandi viðbragðsáætlun samþykkt. Ljóst er að þetta skjal mun taka sífelldum breytingum í ljósi reynslu. Vanda þarf uppsetningu og jafnvel taka einstök atriði út úr og setja á veggspjöld.

10. Starfsmannamál: JA vék af fundi undir þessum lið. Farið var yfir breytingar á starfsmannamálum Skátamiðstöðvarinnar á haustönn 2010.
11. Dagatal Skátapings 2011: JA kynnti helstu dagsetningar undirbúnings. Samþykkt að BB verði fulltrúi stjórnar í uppstillingarnefnd.
12. Önnur mál: Engin önnur mál.
13. Umræðuefni: Sveitarforingjahandbækur: BAÁ kynnti stöðu verkefnisins.

Fleira ekki rætt
Fundi slitið 20:10
Fundargerð ritaði JA